

KOMDU OG SKOÐAÐU LANDNÁMIÐ – KENNSLULEIÐBEININGAR

Námsefnið *Komdu og skoðaðu landnámið* er ætlað yngsta stigi grunnskólans og hentar vel í 3.–4. bekk. Námsefnið samþættir samfélags- og náttúrufræði og fjallar um upphaf Íslands og landnám plantna, dýra og manna á landinu.

MEGINMARKMIÐ EFNISINS

Markmið námsefnisins eru að nemendur kynnist upphafi sögu lands og þjóðar á Íslandi og nokkrum landnámsmönnum. Efninu er ætlað að veita yfirsýn yfir þróun á Íslandi frá upphafi og allt til nútíma og vekja sérstaka athygli á landnámsmönnum. Námsefnið á að þjálfa nemendur í að hugsa á löngum tíma-skala, átta sig á orsökum og afleiðingum og að skoða nánasta umhverfi sitt með sögu þess í huga. Nemendur eiga einnig að átta sig á að maðurinn hefur mikil áhrif á náttúruna og umhverfi sitt og hvað hver einstaklingur skiptir miklu máli.

Nemendur átti sig á að

- Ísland hefur ekki alltaf verið til.
- Ísland er eyja langt frá öðrum löndum hefur áhrif á hvaða lífverur eru á landinu.
- Lífverur bárust til landsins á ýmsa vegu og enn eru nýjar tegundir að bætast við.
- Náttúran tekur sífelldum breytingum bæði af eigin völdum og af völdum manna.
- Í jarðlögum má lesa jarðsögu landsins.
- Þjóðin er tiltölulega ung og þekkir sögu sína að nokkru leyti frá upphafi.
- Landnámsmenn námu land eftir sérstökum reglum.
- Menn móta og breyta náttúrunni þegar þeir nýta hana.
- Fornminjar gefa vísbendingar um líf og störf fólks áður fyrr.
- Atvinnuhættir landsmanna hafa mikið breyst og ein stétt manna eru vísindamenn sem m.a. grafa upp atburði úr sögu lands og þjóðar.

AÐ NOTA EFNID

Lagt er til að efnið sé notað þannig að auk íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði séu unnin fjölbreytt verkefni tengd öllum öðrum námsgreinum, svo sem list- og verkgreinum, ásamt alls konar upplýsingaleit á Netinu, í bókum, á myndböndum, veggspjöldum og myndum af landslagi og náttúru Íslands. Mælt er með að nota söguaðferð, innlifunaraðferðir og frásagnarleið við nám og kennslu efnisins. Hópvinnu hentar vel viðfangsefnum bókarinnar. Hvernig þetta er útfært fer að sjálfsögðu eftir aðstæðum á hverjum stað. Hér á vefnum eru dregin fram helstu atriði sem tengjast söguaðferðinni (Söguaðferð í Kennsluhugmyndir), útfærsla á þematengdri vinnu byggðri á söguaðferðinni (Þematengd vonna í Kennsluhugmyndir) auk leiðbeininga með hverri opnu bókarinnar.

UMFJÖLLUN UM EINSTAKAR OPNUR

1. OPNA, BLS. 2–3

Gott að hafa við höndina

Hnattlíkan.

Lykilorð

Rannsóknir, vísindamenn og ýmis heiti þeirra, landnám.

Kveikjur

- Kennari varpar fram nokkrum spurningum um hvernig Ísland varð til.
- Nemendur vinna nokkrir saman í hóp og leika eldgos sem brýst út.
- Nemendur vinna 3–7 saman í hóp og leika eitthvað úr landslagi t.d. fjall, vatn, foss. Þeir sýna öðrum hópum sem geta upp á hvað þeir leika.

Viðhorf

Að nemendur átti sig á að ekkert er óbreytanlegt. Í rauninni eru engin tvö augnablik í veröldinni eins. Jörðin er alltaf að breytast. Veðrið er óstöðugt, lífverur að verða til, vaxa eða deyja, vatn rennur eða gengur í öldum, gufar upp eða fellur niður. Sumar breytingar gerast hægt, svo hægt að sjást þær varla, kannski svo hægt að rannsaka þarf vel, á vísindalegan hátt, til að sjá þær.

Leikni

Að nemendur taki eftir að eitthvað hefur breyst. Á meðan þeir eru í burtu í frímínútum er einhverju breytt í kennslustofunni og athugað hvort þeir taka eftir því þegar þeir koma inn. Einnig að þeir átti sig á hægfare breytingum í umhverfi sínu og geti nefnt dæmi um slíkar, t.d. breytingar á náttúru eftir árs-tíðum eða breytingar sem taka mörg ár.

ANNAÐ EFNI

Á þessum vef

Surtsey (Fróðleikshorn).

Frægir vísindamenn (Fróðleikshorn).

Eldgos á hafsbötni (Fróðleikshorn).

Vísindamenn (Fróðleikshorn).

Aðrar vefsíður

www.ni.is Vefsíða Náttúrufræðistofnunar,
efni um Surtsey: (<http://www.ni.is/efst/surtsey2002.phtml>).

2. OPNA, BLS. 4–5

Gott að hafa við höndina:

Myndir/sýnishorn af sjávarlífverum, myndir úr fjöru, fræ af ýmsum gerðum.

Lykilorð

Sjávarplöntur, sjávardýr, fjöruplöntur, fjörudýr, fræ.

(Athuga: Það er gott að venja sig á að vera nákvæmur í orðavali þegar fjallað er um plöntur og blóm. Mjög margir tala um blóm þegar átt er við alla plöntuna; rót, stöngul, blöð og blóm.)

Kveikja

Vettvangsferð í fjöru eða nágrenni skólans þar sem fjölbreytni plantna og dýra er skoðuð.

Hvernig ætli þessar tegundir hafi borist til Íslands?

Nemendur safna svolitlu af sandi, skeljum, kuðungum eða plöntum. Þegar heim er komið skoða þeir þetta í víðsjám eða með stækkunargleri og láta það þorna. Síðan má nota það til að skreyta fjöru „Íslands“ á veggmynd þemaverkefnisins.

Ljóðagerð

Nemendur gera ljóð eftir vettvangsferð í fjöru út frá:

Ég heyri ...

Ég sé ...

Ég finn ...

Ég snerti ...

ÞEKINGAR- OG SKILNINGSATRIÐI

Plöntur og dýr í sjó og fjörum

Sjórinn iðar af lífi. Örmsáar plöntur svífa í yfirborði hafsins svo langt sem ljósið nær. Dýr lifa á plöntum og stór dýr éta lítil dýr.

Margar plöntur, aðallega alls kyns þangplöntur, lifa í fjörunni þar sem land mætir hafi. Brimið rífur og slítur þennan fjörugróður en hann þolir það. Hlutar af plöntunum, fræ og gró fara út í sjóinn og geta borist langar leiðir með hafstraumum. Svo ber þessa anga á nýtt land og reyna að vaxa þar. Þannig bárust fjöruplöntur til Surtseyjar og þannig hafa plöntur líka borist frá útlöndum til Íslands þegar Ísland var ungt og gera líklega enn.

Sum sjávardýr nota líka fjöruna. Ógrynni af alls kyns smádýrum eins og hrúðurkarlar en líka stór dýr. Selir koma á land til að hvíla sig og eiga kópana sína og ala þá fyrstu vikurnar. Selir voru fljótir að finna hina nýju Surtsey. Líklega hafa forfeður þeirra og mæður heldur ekki verið lengi að finna nýja landið í gamla daga sem seinna varð Ísland.

Sjófuglar lifa á hafi og koma aðeins í land til að búa sér hreiður, verpa og koma upp ungum. Þeir eru margir flugfimir og fljúga langa vegu. Slíkir fuglar eiga létt með að fljúga á milli landa og eru fljótir að nema ný lönd. Þeir taka alla sína fæðu úr hafinu og skila heilmiklum úrgangi á land. Þannig hjálpa þeir til að mynda jarðveg á nýju landi.

Fiskar í ám og vötnum

Eyjan, sem seinna var kölluð Ísland, myndaðist smátt og smátt með fjöllum og landslagi. Það rigndi og snjóaði. Pollar og vötn mynduðust og vatnið rann niður fjallshlíðar til hafs. Í fyrstu var ekkert líf í þessum vötnum. Margir fiskar sem lifa í fersku vatni á landi fara hluta af ævi sinni út í sjó. Þetta gera t.d. allir laxar og margir silungar. Þeir eru því sjávarlífverur að hluta og geta þess vegna fundið nýjar eyjar í hafinu og farið upp í ár á þeim. Þannig hafa laxar og silungar væntanlega fundið þetta nýja land í norðri fyrir langa löngu.

Sumir silungar lifa núna í vötnum og tjörnum þar sem engin á rennur til hafs. Hvernig ætli þeir hafi komist þangað? Ekki má gleyma því að náttúran er alltaf að breytast. Þótt engin á renni núna úr sumum tjörnum þá er líklegt að einhvern tíma áður hafi tjarnirnar tengst ám eða vötnum með lækjum sem fiskar komust eftir. Svo hefur eitthvað breyst t.d. í eldgosi eða jarðskjálfta eða þegar jöklar stækkuðu eða minnkuðu. Þá hafa lækirnir horfið en fiskarnir haldið áfram að lifa í tjörnunum. En hvernig ætli hornsílín hafi komist í tjarnir og vötn? Skyldi einhver vita það?

Plöntur nema land

Allir hafa einhvern tíma blásið á biðukollu og horft á fræin fjúka. Hvert fíflafræ er útbúið með fallhlíf svo að það getur svifið í vindinum og fundið sér nýjan stað til að vaxa á. Svo er einnig um fræ margra annarra plantna. Sum fræ eru með annars konar búnað til að koma sér í burtu frá móðurplöntunni. Ekki væri gott að þau yxu öll alveg við móðurplöntuna og „rifust” við hana um næringu og sólarljós. Sum fræ fljóta auðveldlega og geta borist með vatni eða sjó. Önnur eru með króka á sér sem festast t.d. í fiðri fugla sem þá fljúga með fræin á milli staða. Sum fræ eru líka svo góð á bragðið eða holl að fuglar og önnur dýr sækjast eftir að éta þau og bera svo fræin með sér og skila þeim til jarðar með úrgangi á allt öðrum stað. Sumar plöntur, eins og t.d. mosar og fléttur, dreifa sér ekki með fræjum heldur með enn þá smærri ögnum sem kallast gró. Gróin eru svo örsmá að þau sjást varla og vindurinn ber þau auðveldlega langar leiðir.

Það er ekki sama hvar fræin og gróin lenda. Til að geta spírað og vaxið þurfa þau að lenda á stað sem hentar þeim. Sum geta vaxið á steinum eða í fjöru en mörg geta ekki vaxið nema þau lendi í góðri, rakri mold.

Viðhorf

Að nemendur átti sig á að það er ekki sjálfgefið að plöntur og dýr vaxi og lifi þar sem þau eru. Hver lífvera þarf sín ákveðnu skilyrði til að geta vaxið og dafnað. Það er mikilvægt að sýna öllum lífverum virðingu. Líka er hollt að minnast þess að ef blóm eru slitin upp þá er verið að koma í veg fyrir að plantan geti myndað fræ og dreift þeim. Ef blómin fá að vera í friði þá gefum við plöntunum tækifæri til að dreifa sér og fjölga og þá sjáum við kannski enn fleiri plöntur í blóma næsta sumar en nú.

Leikni

Að nemendur geti skoðað í víðsjá og séð mun á sandkornum og fræjum. Sandkornin eru óregluleg í formi og lit en fræ af sömu tegund eru hvert öðru lík. Sjá: *Sandur og fræ* í Á vettvangi.

ANNAÐ EFNI

Á þessum vef

Ferðir fræja úr Náttúruverkefnunum (Á vettvangi).

Fræ verða að plöntum – Leikræn tjáning (Leikjahugmyndir).

Hvað lifir hvar – eða hvenær? (Á vettvangi).

Hvaða fræ spíra? – tilraun (Á vettvangi).

Lifa fræin (Leikjahugmyndir).

Myndmenn (Á vettvangi).

Sandur og fræ (Á vettvangi).

Aðrar vefsíður

www.floraislands.is er vefur þar sem eru myndir og umfjöllun um íslenskar plöntur.

3. OPNA, BLS. 6–7

Gott að hafa við höndina

Myndir af dýrum, landakort eða hnött þar sem fjarlægð og afstaða Íslands og annarra landa sést.

Lykilorð

Lífsnauðsynjar, farfuglar, smádýr og flokkar þeirra, hafstraumar, rekaviður.

Kveikja

Verkefnið „Skaut búsvæðis” á bls. 25 í *Náttúruverkefnunum*, einnig ýmis önnur verkefni sem vekja nemendur til umhugsunar um lífsnauðsynjar og búsvæði.

ÞEKINGAR OG SKILNINGSATRIÐI

Fuglar

Margir fuglar fljúga miklar vegalengdir. Eins og allar aðrar lífverur geta þeir aðeins búið þar sem þeir finna allar lífsnauðsynjar sínar. Til þess þurfa þeir stundum að fljúga óravegu á milli staða. Þetta gera t.d. farfuglarnir. Þegar snjór er yfir öllu og land frosið leita þeir til heitra landa. Farfuglar villast stundum eða þeir lenda í slæmu veðri og fjúka af leið. Þannig geta þeir rekist á ný lönd og staði.

Á hverju ári berast til Íslands fuglar sem ekki hafa hér fasta búsetu. Þeir eru kallaðir flækingar. Flestir þeirra deyja af því að þeir finna ekki það búsvæði sem þeir þurfa á að halda. Stundum geta þeir þó sest að. Starrinn er núna staðfugl á Íslandi en fyrir 1940 var hann hér flækingur. Glókollur er lítill fugl sem nú virðist vera sestur að á Íslandi og ef svo er þá er hann minnsti fugl landsins. Stór hópur af glókollum kom til landsins árið 1995 og síðan hafa þeir sést í ræktuðum barrskógum landsins. Ef glókollar eru nú sestir að á Íslandi er það gott dæmi um hvernig náttúran breytist með umsvifum manna. Af einhverjum ástæðum náðu barrtré, sem víða mynda skóga í nágrannalöndum, ekki að berast til Íslands. Menn fluttu frá þeirra til landsins og ræktuðu þau. Þegar myndaðir hafa verið skógar, og þá um leið kjörlendi fyrir ákveðnar tegundir sem áður gátu ekki búið hér, þá geta nýjar tegundir sest að ef þær berast til landsins.

Fyrstu sjófuglarnir verptu í Surtsey vorið 1970 en landfuglar miklu seinna. Gæs verpti þar og kom upp ungunum vorið 2002.

Smádýr

Létt, fljúgandi smádýr, eins og fiðrildi og flugur, fjúka stundum langar leiðir og geta fokið frá útlöndum alla leið til Íslands. Það gerist oft enn þá að mikill fjöldi af smádýrum berst til Íslands ef vindar eru hagstæðir. Flest dýr geta ekki lifað ef þau fjúka langt út fyrir búsvæði sitt. Þau sem finna hentug skilyrði nema nýtt land. Jafnvel smádýr sem ekki hafa vængi, eins og köngulær, geta fokið á milli landa.

Enginn getur með vissu vitað hvernig jarðvegsdýr bárust til landsins fyrir landnám. Í bókinni er sett fram ein kenning þ.e. að þau hafi borist í moldarhrúgum á rekaviði frá útlöndum. Einnig eru til kenningar um að mold hafi borist til landsins á rekis við lok ísaldar. Gaman er að velta hlutum sem þessum fyrir sér þótt menn geti aldrei alveg vitað fyrir víst hvernig þessi dýr komust til landsins.

Viðhorf

Þótt menn séu snjallir og geti fundið út marga hluti þá er alltaf eitthvað sem þeir geta ekki alveg vitað fyrir víst. Það er allt í lagi. Slík óvissa, t.d. um það hvernig ánamaðkar bárust til Íslands, gefur okkur tækifæri til að horfa á hluti og atburði frá mörgum áttum, velja þeim fyrir okkur og ræða þá á málefnalegan hátt. Vísindamenn halda t.d. oft langa fundi eða ráðstefnur um einhver atriði sem þeir vilja ræða og velta fyrir sér þótt þeir viti að hinn eini stóri sannleikur í málinu verður aldrei ljós en það er kannski hægt að nálgast hann.

Leikni

Nemendur geti skoðað bækur um dýr, t.d. fuglabækur, og borið saman ólíkar tegundir. Skoði og átti sig á hvað er líkt og hvað er ólíkt í útliti, í lífsháttum (t.d. farfugl /staðfugl), farleiðum (t.d. krúu og álftar) og margt fleira.

Skoði landakort þar sem sýndir eru hafstraumar í hafinu umhverfis Ísland. Átti sig á að það sem fer í sjóinn getur borist langar leiðir. Stundum er það náttúrulegur og eðlilegur hlutur eins og t.d. með reka- viðinn. Stundum er þetta ekki gott eins og þegar hent er rusli í sjóinn eða í hann berast hættuleg efni sem þá dreifast langar leiðir.

ANNAÐ EFNI

Á þessum vef

Nýtt ævintýri um glókoll (Fróðleikshorn).

Aðrar vefsíður

Vefur Náttúrufræðistofnunar, undirvefurinn www.ni.is/bliki.htm þar sem eru miklar upplýsingar um fugla m.a. flækinga.

Bækur

Í *Náttúruverkefnunum* eru nokkur verkefni sem leggja áherslu á lífsnauðsynjar dýra og manna. Þetta eru t.d. verkefni: *Ljúfar lífsþarfir* (bls. 21), *Skaut búsvæðis* (bls. 25), *Búsvæðisslóð* (bls. 27) og mörg fleiri. Fjölmargar bækur um fugla eru til þar sem m.a. má sjá sumar- og vetrarstöðvar þeirra og farleiðir.

Bókin *Dulin veröld* eftir Guðmund Halldórsson o.fl. er góð bók um smádýr með fjölmörgum myndum.

4. OPNA, BLS. 8–9

Gott að hafa við höndina

Mynd af ref eða uppstoppaðan ref, steingervinga eða myndir af þeim.

Lykilorð

Loftslag, hlýskeið, steingervingar, kuldaskeið, ísöld.

Kveikja

Eftirtalдар sögur henta vel sem kveikja að efninu:

Refurinn kemur til Íslands – (Ævintýri og sögur) bls. 53

Tófur koma á Ísland – (Ævintýri og sögur) bls. 53

Úr bókinni: Íslenskt þjóðsagnasafn IV (Sjá Ítarefni)

ÞEKINGAR- OG SKILNINGSATRIÐI

Jarðsagan

Elsta berg á Íslandi er líklega um 16 milljón ára gamalt. Á þeim tíma mun veðurfar hafa verið nokkuð hlýtt á norðurhveli og á Íslandi óx fjöldinn allur af plöntum sem nú vaxa í mun hlýrra loftslagi t.d. í Norður-Ameríku, Suður-Evrópu og jafnvel í Japan. Í vestfirskum fjöllum hafa fundist steingervingar frá þessum tíma t.d. af magnolíu, lárviði og risafuru.

Fyrir um þremur milljónum ára kólnaði og ísöld gekk í garð. Á ísöld skiptust líklega á 10–20 jökulskeið og hlýskeið. Á jökulskeiðum stækkuðu jöklar og landið jafnvel huldust jökli en á hlýskeiðum bráðnuðu jöklar, a.m.k. af láglendi, og landið greri upp. Fyrir um 10 þúsund árum er sagt að ísöld hafi lokið en

kannski er aðeins um að ræða enn eitt hlýskeið ísaldar. Ekki er vitað hvernig á þessum loftslagsbreytingum stendur en þau eru gjarnan tengd breytingum á útgeislun sólarinnar.

Lífverur koma og fara

Áður en ísöld gekk í garð, og á sumum hlýskeiðum hennar, var heitara en er núna og þá lifðu hérlendis lífverur sem gætu ekki lifað hér nú. Þegar kólnaði dóu þessar lífverur út en margar þeirra hafa skilið eftir sig steingervinga í jörðu. Á Tjörnesi er fræg jarðmyndun þar sem má í jarðlögum rekja í steingerðum skeljum loftslagsbreytingar frá því fyrir ísöld og til síðari hluta hennar.

Stór landdýr

Sum dýr geta hvorki synt, flogið eða fokið heldur vilja hafa fast land undir fótum. Þeim gengur venjulega illa að komast á milli eylanda. Samt hafa refir verið á Íslandi í mörg þúsund ár. Á kuldaskiðum ísaldar hefur jökull og ís náð á milli landanna sem nú heita Grænland og Ísland. Þá hafa refir getað spígsporað á milli landanna. Þegar ísinn bráðnaði urðu einhverjir refir eftir hér og hafa verið hér síðan. Stundum gerist það enn að ís rekur frá Grænlandi til Íslands. Á þeim ísjökum eru stundum hvítabirnir sem koma í land á Íslandi.

Viðhorf

Það er ekki sjálfsagt að taka náttúrugripi, eins og t.d. steingervinga, inn í hús. Margir fundarstaðir steingervinga eru friðlýstir en það þýðir að þar má ekki raska neinu. Sums staðar hafa slíkir staðir verið friðlýstir of seint eða eftir að hugsunarlaust fólk var búið að skemma þá með því að höggva steingervingana úr bergi. Stundum má sjá steingervinga í lausu grjóti t.d. í fjörum. Margir hafa gaman af að safna slíkum steinum og hafa þá til sýnis eða gefa þá skólum eða söfnum þar sem margir geta skoðað þá og notið þeirra. Öllum svona náttúrugripum ber að sýna virðingu og fara vel með þá. Það er ekki auðvelt að finna nýja ef þeir skemmast eða tynast.

Leikni

Út frá þessari opnu er heppilegt að bera saman muninn á ævintýrum og rannsóknum vísindamanna í sambandi við vitneskju okkar um liðna tíð.

ANNAÐ EFNI

Á þessum vef

Að búa til steingervinga (Á vettvangi).

Refurinn kemur til Íslands (Ævintýri og sögur).

Tófur koma á Ísland (Ævintýri og sögur).

Práður tímans (Á vettvangi).

Aðrar vefsíður

Á vísindavef Háskóla Íslands hefur ýmsum spurningum um jarðsögu verið svarað sjá t.d. <http://visindavefur.hi.is/?id=1760>

Bækur

Hver býr hvar? er í *Náttúruverkefnunum* á bls. 71 og er um aðlögun dýra að ólíku loftslagi.

Innfæddir, niðursetningar og laumufarþegar, í *Náttúruverkefnunum* á bls.129, fjallar um innlendir og innfluttar dýrategundir. Fleiri verkefni í *Náttúruverkefnunum* tengjast því efni sem hér er fjallað um.

5. OPNA, BLS. 10–11

Gott að hafa við höndina

Evrópukort og/eða hnattlíkan.

Lykilorð

Landnámsmenn, að nema land, víkingar, lífsnauðsynjar, búfé, húsdýr.

Kveikja

Myndband: *Landnám Íslands*. 1987. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

ÞEKINGAR- OG SKILNINGSATRIÐI

Frá því að eyja myndaðist og þangað til fólk fann hana og gaf henni nafnið Ísland leið langur tími, líklega 15–20 milljónir ára. Það er erfitt að skilja svo langan tíma. Land breytist stöðugt vegna breytinga á lofslagi, vegna eldgosa og öskufalls en maðurinn er ekki síður stórvirkur í sínum breytingum. Ónumið land er allt öðru vísi en land þar sem fólk býr og breytir umhverfi sínu, mótar það eftir þörfum sínum að svo miklu leyti sem það er hægt.

Breytingar á landi við tilkomu mannsins

Við landnám varð maðurinn mikilvirkur í breytingum á náttúru landsins bæði með beinum og óbeinum hætti. Skógur var ruddur til að koma fyrir húsum, ökrum og túnum. Tré voru höggvin til að smíða og byggja úr og til eldiviðar. Menn fluttu með sér plöntutegundir til að rækta, líklega bæði gras- og korn- tegundir og líka kryddtegundir eins og t.d. kúmen. Sumar plöntutegundir hefur hann líklega borið með sér óviljandi eins og t.d. arfa. En mestum breytingum á gróðri ollu líklega húsdýrin sem landnámsmenn fluttu með sér. Þetta voru stórir grasbítar sem hófu að bíta þann gróður sem þróast hafði á landinu án verulegrar beitar. Fljótlega fór að bera á því að gróðurfar landsins breyttist. Plöntum sem þola illa að vera bitnar fækkaði en öðrum plöntum sem vel þola beit, eins og grastegundir, fjölgaði og þær lögðu meira land undir sig. Einnig fluttu landnámsmenn óviljandi með sér dýr eins og t.d. mýs sem hafa án efa falist í heyi sem þeir hafa haft með sér á skipunum fyrir búfé sitt á ferðinni yfir hafid.

Í sambandi við landnám og flutninga fólks milli landa er mikilvægt að nemendur skilji mismunandi ástæður þess að fólk flytur. Umfjöllun um þetta atriði á landnámsöld hefur góða samsömun við nútím- ann þar sem ástæður geta verið ófriður og stríð.

Viðhorf

Að nemendur langi að vita meira um landnám á Íslandi og þróun byggðar. Mikilvægt er í þessu sam- bandi að geta bent á hentugt efni til frekari upplýsingaöflunar (sjá t.d. bækur sem bent er á). Einnig er gott að benda á kosti landsins á ýmsum stöðum t.d. þá sem hentugir eru fyrir hafnir, graslendi og skjól. Í Landnámu er oft tekið fram af hvaða ástæðu landnámsmennirnir námu land á þeim stað sem þeir völdu eða var vísað á.

Leikni

Nemendur geti aflað upplýsinga um fleiri landnámsmenn og hvar þeir námu land.

Frásagnir nemenda

Nauðsynlegt er að gefa nemendum tækifæri til að miðla ýmsum upplýsingum sem þeir afla og einnig að endursegja sögur sem þeir lesa tengdar landnámsmönnum.

Gott er að hafa sérstaka sögustund þar sem nemendur æfa sig í frásögn. Þeir þurfa að æfa sig í að segja skipulega frá, hafa upphaf, greina frá sögusviði, segja frá aðalpersónum, segja frá helstu atburðum og að lokum hvernig sagan endaði.

Á þessum vef

Grasið vex – (Fróðleikshorn)

Annað efni

Upplýsingar um elstu byggð í Reykjavík og fornleifauppgröft má finna á

<http://www.instarch.is/adalstraeti.htm#merki2>

Á eftirfarandi slóð má skoða kort sem sýnir ferðir Ingólfs við landnám

http://www.basinn.is/Sagan_kort_isl.htm

6. OPNA, BLS. 12–13

Gott að hafa við höndina

Íslandskort, myndir frá jarðhitasvæðum Reykjavíkur, Ingólfstorgi og Ingólfsbrunni við Aðalstræti.

Lykilorð

Jarðhiti, neysluvatn, ásatrú, öndvegissúlur, fornleifar.

Þekkingar- og skilningsatriði

Allmargir víkingar sigldu til Íslands til að kanna landið og reyna búsetu. Á ýmsu gekk. Ekki er vanda-laust að nema land í nýju landi. Samspil manns og náttúru er grundvallaratriði í þessu sambandi. Hvað hafði náttúra landsins landnemum að bjóða? Hvað gátu þeir nýtt sér til bjargar? Nemendur fjalli um náttúru landsins þá og beri saman við nútímann. Hvað er það sem hefur breyst? Hvernig fer maðurinn með náttúruna? Hvað einkennir land og náttúru á norðurhveli jarðar? Spurningum af þessu tagi er reynt að svara út frá umfjöllun um landnám Íslands.

Viðhorf

Umfjöllun um flutninga fólks á landnámsöld hefur góða samsömun við fólks flutninga á milli landa í dag. Hvers vegna flytur fólk? Mikilvægt er að fjalla um ástæður þess að fólk flytur og bera saman víkingatíma og nútíð í því samhengi. Út frá þessu viðfangsefni er óskandi að nemendur langi til að vita meira um ferðir víkinga og landnám.

Leikni

Nemendur geti fundið á landakorti löndin sem víkingar komu frá; Noreg, Danmörku og/eða Írland.

Á þessum vef

Jarðhiti (Fróðleikshorn).

Annað efni

Á Íslandi er starfandi ásatrúarfélag. Það var stofnað árið 1972.

Upplýsingar um starfsemi félagsins eru á heimasíðu þess

Ásatrúarfélagið: <http://www.asatru.is/>

7. OPNA, BLS. 14–15

Gott að hafa við höndina

Íslandskort, hnattlíkan, mynd af hrafni eða uppstoppaðan hrafni, pappír eða skinn sem líkist gömlu handriti.

Lykilorð

Þjóðtrú og þjóðsögur, hafís, fjall, fjörður, fræðimenn, fornrit, Íslendingasögur.

Kveikja

Nokkrir nemendur eru sendir út úr stofunni. Hinum sem eftir eru er sögð stutt saga. Þeim er síðan sagt að einn þeirra eigi að endursegja söguna. Nú er einn af þeim sem fór fram kallaður inn. Sá sem valinn var til að endursegja söguna segir þeim sem inn kemur söguna eins og hann man hana og síðan á sá nýkomni að endursegja hana þeim sem næst kemur inn. Þannig gengur þetta koll af kalli. Með þessu móti er hægt að vekja athygli á hvernig frásagnir breytast.

ÞEKINGAR- OG SKILNINGSATRIÐI

Maður og náttúra

Umfjöllun um samspil manns og náttúru hentar hér út frá trú Flóka á hinn vitra fugl hrafinn. Hvað gat hann notað annað til að rata? Umfjöllun um nokkra þætti í náttúrunni sem sæfarendur notuðu, svo sem Pólstjörnuna, ský á himni, hvali, stefnu farfugla á vorin, hljóð sjófugla við björg o.fl. Þjóðtrú og þjóðsögur höfðu sterk áhrif á líf manna og eru þær oft gott dæmi um hvernig ýmislegt í náttúrunni réð úrslitum um val á búsetu og lífsbjörg.

Fræðimenn og fornrit

Sögur af landnámi geymdust lengi í munnmælum og hefur það eflaust haft áhrif á varðveislu þeirra. Gott er að nemendur velti fyrir sér hvaða heimildir fræðimenn eins og Ari fróði og Snorri Sturluson höfðu þegar þeir skráðu Íslendingasögur og bera það saman við vinnu fræðimanna í dag. Hvaðan fá þeir heimildir? Hvað gera þeir ef engar heimildir er að hafa? Hver er munurinn á sannsögu og skáldsögu?

Þjóðsögur og ævintýri

Auk Íslendingasagna hafa þjóðsögur og ævintýri lifað með þjóðinni alveg frá landnámi. Landnámsmenn sögðu sögur. Þeir fluttu þær með sér til Íslands, eins og margt annað, og nýjar þjóðsögur og ævintýri urðu til. Víkingar sem sigldu á milli landa sögðu sögur og fréttir. Þannig var upplýsingum miðlað á landnámsöld. Nauðsynlegt er að opna leið nemenda að þessum menningararfi með því að finna hentugt efni í bókum og á Netinu.

Vegna myndar af konu með sjal á bls. 15 skal athygli vakin á að ekki var farið að þrjóna á Íslandi fyrr en á 16. öld (sjá í Fróðleikshorni) en hún sýnir okkur þá mynd, sem við þekkjum kannski að einhverju leyti sjálf, um það hvernig menningararfurinn flyst á milli kynslóða í töluðu máli.

Viðhorf

Að nemendur læri að vinna með þjóðsögur og Íslendingasögurnar er mikilvægt í sambandi viðhorf til menningararfsins. Það er liður í að móta heimsmynd nemenda að fjalla um landkönnuði og hvernig Ísland fannst og byggðist upp og hvaðan landnámsmenn komu. Með þessari umfjöllun eykst vísýni nemenda.

Leikni

Með fjölbreyttu vali heimilda þjálfast leikni nemenda í upplýsingaöflun og úrvinnslu þeirra. Miklu skiptir að þjálfar nemendur í þessu ásamt því að miðla því sem aflað er meðal samnemenda.

Á þessum vef

Híbýli Íslendinga, vefnaður og þrjónaskapur (Fróðleikshorni).

Leikræn tjáning (Á vettvangi).

Skinnhandrit – pappír litaður með jurtatei (Á vettvangi).

Víkingaskip (Á vettvangi).

Þjóðtrú og þjóðsögur (Á vettvangi).

8. OPNA, BLS. 16–17

Gott að hafa við höndina

Íslandskort.

Lykilorð

Heiðni, æsir, kristni, kross, orrusta, landshlutar

Kveikja

„Landnemarnir” halda blót. Nemendur undirbúa blót þar sem m.a. er mikil veisla. Hvað borðaði fólkid. Ath. samvinnu við heimilisfræði t.d. bakstur.

Tóku allir þátt í blótum? Kristni – heiðni. Einn guð – margir guðir.

ÞEKINGAR- OG SKILNINGSATRIÐI

Landnámsmenn og konur

Auður djúpúðga var þekktust af landnámskonum. Hún nam land á einu mesta sögusvæði Íslands, Dölunum. Laxdæla saga fjallar um Auði og fólkid sem kom með henni til Íslands. Eins og kemur fram í texta bókarinnar þá var Auður djúpúðga kristin.

Í þessu sambandi er gott tilefni til að segja frá þegar kristni var lögtekin á Íslandi árið 1000.

Viðhorf

Trúarbrögð

Landnámsmenn voru bæði heiðnir og kristnir. Gott er að fjalla um að ólík trúarbrögð geta verið hjá íbúum eins lands. Svo er enn í dag. Hér á landi býr fólk með mörg mismunandi trúarbrögð. Með góðum upplýsingum og umfjöllun um þessi mál má vinna gegn fordómum í sambandi við ólík trúarbrögð. Markmiðið er að nemendur beri virðingu fyrir mismunandi trúarbrögðum og viðurkenni að ekki þurfa allir að hafa sömu trú.

Leikni

Nemendur eiga að geta fjallað á eðlilegan hátt um að ekki hafa allir menn sömu trú og að bera virðingu fyrir trú annarra.

Landnámsmenn á Vesturlandi og Vestfjörðum

Í Landnámu segir frá um 400 landnámsmönnum, hvaðan þeir komu, hvar þeir námu land hér á landi og hvað landnám þeirra náði yfir stórt svæði. Alloft er miðað við ár eða fjöll þegar mörk landnáms eru nefnd. Í námsbókinni er fjallað um Hrafna-Flóka og Auði djúpúðgu. Hér eru dæmi um nokkra fleiri landnámsmenn á Vesturlandi og Vestfjörðum.

- Björn sonur Ketils flatnefs og Yngvildar dóttur Ketils veðrs, sem bjó í Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi, kona hans hét Gjaflaug Kjallaksdóttir.
- Þórólfur Mostrarskegg sem sigldi vestur um land og inn breiðan fjörð sem hann nefndi Breiða-fjörð. Hann trúði á Þór og kastaði öndvegissúlum fyrir borð og hét því að byggja bæ þar sem þær rak að landi. Það var á Þórsnesi og byggði hann bæ á Hofsstöðum.

- Þuríður sundafyllir og sonur hennar Völu-Steinn námu land á Bolungarvík og bjuggu á Vatnsnesi. Hún var kölluð sundafyllir af því að hún seiddi í hallæri að hvert sund varð fullt af fiski á Hálogalandi í Noregi.
- Geirmundur heljarskinn nam land á Vestfjörðum og bjó á Geirmundarstöðum undir Skarði.
- Þorvaldur sonur Ásvalds Úlfssonar og Eiríkur rauði sonur hans námu land á Hornströndum og bjuggu á Dröngum.
- Skalla-Grímur sem bjó á Borg á Mýrum.
- Egill Skallagrímsson. Þetta er vefefni um Egil eftir Sigríði Vöku Jónsdóttur og Sigríði Rós Sigurðardóttur

Vefslóð: <http://nemendur.khi.is/sisigur/egill/index.htm>

Á þessum vef

Kross búinn til úr leir (Á vettvangi).

Annað efni

Vefsíða um Egil: <http://nemendur.khi.is/ssigurda/egill>

9. OPNA, BLS. 18–19

Gott að hafa við höndina

Íslandskort.

Lykilorð

Sunnanvindur, norðanvindur, hálendi.

Kveikja

Athugun á vindáttum. Nemendur fara í vettvangsferð í umhverfi skólans og finna út hvaðan vindurinn blæs. Er hann kaldur eða hlýr? Hvert er hitastigið úti þegar athugun fer fram (athugun með mæli)? Hvaða átt er hlýjust hér? Hvaða átt er köldust? Vinna með veðurhugtök s.s rok, gola, logn.

ÞEKINGAR- OG SKILNINGSATRÍÐI

Bárður fann að hitamunur var í sunnan- og norðanvindi. Benti það til að munur væri á loftslagi sunnan og norðan lands? Þetta lét Bárður syni sína kanna og fann út að ekki óx sams konar gróður í báðum landshlutum. Mikilvægt er að nemendur skilji ástæður þess að veðurfar er ólíkt eftir landsvæðum og ekki er sama hvaðan vindur blæs hvað hita varðar.

Sunnanáttin er vætusöm á Suðurlandi en þegar hún er komin norður yfir hálendið er hún þurr og heit. Norðanlands eru því heitir, þurrir sumardagar. Norðanáttin kemur af hafi fyrir norðan og er því rök og köld. Hún er orðin þurr þegar hún kemur suður yfir heiðar en er oft enn köld. Það er því ekki alveg víst að Bárður hafi verið nokkuð betur settur með búfé sitt og landbúnað fyrir sunnan en norðan. Þó hafa veturnir líklega verið mildari og snjóléttari í Fljótshverfinu heldur en í Bárðardalnum!

Leiðin sem Bárður og fjölskylda hans fór er þekktur fjallvegur milli norður- og suðurlands nú til dags og heitir Sprengisandur.

Víða má fá upplýsingar um Bárðargötu. Meðal annars má nefna að *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1963 heitir Bárðargata og þar er byrjað á að segja frá ferð Bárðar yfir hálendið. Á blaðsíðum 230–233 í bókinni *Hálendið í náttúru Íslands* eru einnig alls kyns skemmtilegar vangaveltur og kort með hugsanlegum leiðum Bárðar.

Viðhorf

Náttúran hefur áhrif á líf manna. Hún hefur oft áhrif á búsetu. Nemendur þurfa að hafa það viðhorf að búseta getur verið ýmsu háð og að hver staður hefur bæði kosti og galla.

Í sambandi við ferð Bárðar er heppilegt að nemendur geri sér grein fyrir að hálendið er oft erfitt yfirferðar og að leiðin sem Bárður fór er ekki í alfaraleið nú til dags þannig að hún er ein af þeim leiðum um hálendið sem er bara fær á sumrin.

Leikni

Kortavinna sem felst í að finna leið Bárðar milli landshluta og helstu örnefni tengd henni.

Nemendur hafi á valdi sínu nokkur hugtök tengd veðri. Nemendur geti unnið með kort eftir landshlutum og geti greint hvar hálendið er.

Fleiri landnámsmenn á Norðurlandi

Norðlendingafjórðungur var fjölbyggðastur á öllu Íslandi á landnámsöld, segir í Landnámu. Skinna-Björn nam land í Miðfirði og var Miðfjarðar-Skeggi sonur hans. Þeir bjuggu á Reykjum. Ingimundur gamli nam land í Vatnsdal og bjó á Hofi. Hrolleifur og Ljót, móðir hans, námu land á Höfðaströnd og bjuggu í Hrolleifsdal, Helgi magri nam land í Eyjafirði og bjó á Kristnesi. Hann var blendinn í trúnni og trúði á Krist, en hét á Þór til sjóferða og harðæra. Kona hans hét Þórunn og fæddi hún stúlkubarn í Þórunnareyju í Eyjafjarðará þegar þau stóðu í flutningum við landnám. Dóttirin var nefnd Þorbjörg hólmasól. Skeggi Böðólfsson nam Kelduhverfi og bjó í Miklagarði. Kona hans hét Helga og sonur þeirra Þórir.

Annað efni

Um Bárðargötu: http://www.nat.is/travelguide/ahugav_st_bardargata.htm

Bárðargata (Árbók Ferðafélags Íslands).1963. Reykjavík, Ferðafélag Íslands.

Guðmundur P. Ólafsson. 2000. *Hálendið í náttúru Íslands*. Reykjavík, Mál og menning.

10. OPNA BLS. 20–21

Gott að hafa við höndina

Íslandskort, myndir frá Atlavík, Lagarfljóti, Hallormsstað.

Fjallagrös eða myndir af fjallagrös.

Lykilorð

Fjallagrös, grasamjólk.

Kveikja

Hvað gefur náttúran okkur? Hvað nýtum við helst okkur til matar?

Umræður út frá helstu nytjum á sjó og landi.

ÞEKINGAR OG SKILNINGSATRIÐI

Samspil manns og náttúru

Atli er gott dæmi um hvernig maðurinn lifir í samspili við náttúru landsins. Hann varð að lifa á því sem náttúran gaf og hefur eflaust notað ýmsar jurtir til matar. Fjallagrös eru enn í dag nýtt til matar og lækninga. Þau eru þekkt fyrir að hafa „lækningamát” (eða sem heilsukostur). Undanfarin ár hafa fjallagrös og áhrif þeirra verið rannsökuð af vísindamönnum á Íslandi. Svo er einnig um fleiri íslenskar jurtir svo sem ætihvönn.

Víkingar notuðu jurtir mikið bæði til matar og lækninga. Hver jurt hefur sinn áhrifamátt og er hægt að afla upplýsinga í bókum og á Netinu um áhrif þeirra og hvernig best er að meðhöndla þær.

Viðhorf

Nemendur skilji mikilvægi þess að vernda náttúruna. Jurtir eru mikilvægar öllu jarðlífi, án þeirra væri ekkert líf á jörðu sambærilegt því sem við þekkjum. Auk þess að vera undirstaða fæðu og súrefnis allra dýra og manna þá notar maðurinn plöntur á margan hátt. Þær eru t.d. notaðar sem heilsukostur, í snyrtivörur, í lyfjagerð og til að lita ull og garn.

Leikni

Kortavinna sem felst í að finna nefnda staði á Austurlandi.

Nemendur geti búið til te úr jurtum og fjallagrasamjólk (Á vettvangi).

Fleiri landnámsmenn á Austurlandi

Í Landnámu segir að þessi fjórðungur hafi fyrst orðið „albyggður“. Það hefur eflaust stafað af því að flestir landnámsmenn komu fyrst að Austfjörðum í siglingum frá Noregi til Íslands.

- Þorsteinn hvíti Ölvirsson kom á skipi sínu í Vopnafjörð og bjó að Hofslöndum. Kona hans hét Ingibjörg og hétu börn þeirra Þorgils, Þórður, Önundur, Þorbjörg og Þóra. Þorgils átti Ásvöru fyrir konu en hún var dóttir Þóris Graut-Atlasonar.
- Landnámsmenn á Jökuldal voru Hákon, sem bjó á Hákonarstöðum, og Skjöldólfur Vémundarson, sem bjó á Skjöldólfsstöðum.
- Sumir landnámsmenn stóðu stutt við þar sem þeir námu land. Má þar nefna Loðmund sem nam Loðmundarfjörð. Hann var þar aðeins einn vetur og flutti svo suður á land og bjó í Loðmundarhvammi sem er við Jökulsá á Sólheimasandi. Fóstbróðir hans, Bjólfur, nam allan Seyðisfjörð og bjó þar til æviloka.
- Hrollaugur nam land austan frá Horni til Kvíár og bjó á Breiðabólstað. Hann var vinur Haraldar konungs í Noregi. Hann heimsótti hann aldrei eftir að hann flutti til Íslands en Haraldur sendi Hrollaugi gersemar rétt áður en hann dó, sverð, ölhorn og gullhring.

Á þessum vef

Fjallagrösin – Fjallagrös eru fléttur. Fléttur (Fróðleikshorn).

Komdu og skoðaðu umhverfið.

Uppskrift af fjallagrasamjólk (Á Vettvangi).

Annað efni

Flóra Íslands: www.floraislands.is

11. OPNA, BLS. 22–23

Gott að hafa við höndina

Hnattlíkan, Evrópukort, Íslandskort, mynd af bæ frá miðöldum t.d. Þjóðveldisbæ eða Eiríksstöðum í Haukadal, kol eða mynd af kolum, myndir af rekaviði eða rekaviðarbút. Á þessum vef má finna myndir af Eiríksstöðum: <http://www.fva.is/~vinland/kort/eiriksstadir.html>

Lykilorð

Að nema land, sólarupprás, sólarlag, torf, grjót, rekaviður, skógviður, kol.

Kveikja

Hvernig voru bæir landnámsmanna?

Myndir af Netinu af sögualdarbæjum í Þjórsárdal og Eiríksstöðum. Þær sýna tilgátuhús landnema, veggi hleðslur, þök o.fl.

ÞEKINGAR- OG SKILNINGSATRIÐI

Að nema land

Nemendur skilji að einhverjar reglur hafa gilt í landinu frá upphafi byggðar. Þeir fá vitneskju um hvernig bæði konur og karlar námu land. Ekki giltu sömu reglur fyrir karla og konur þegar land var numið.

Hvaða efni notuðu landnámsmenn í bæi sína?

Landnámsmenn nýttu torf, grjót og við í bæina. Á landnámsöld var landið viði vaxið og fjörur voru fullar af reka. Þetta nýttu landnámsmenn sér við byggingu bæja. Landnám hafði mikil áhrif á náttúru landsins. Hvaðan fæst viður til húsagerðar í dag? Mikilvægt er að nemendur skilji þá breytingu sem hefur orðið á gróðurfari frá landnámi.

Viðhorf

Konur jafnt sem karlar voru landnámsmenn. Það var hlutverk beggja þó að nokkuð skýr verkaskipting hafi ríkt á milli kynjanna á víkingatíma. Umfjöllun um hlutverk og störf karla og kvenna á landnámsöld er heppileg í þessu sambandi. Konur sáu að mestu um innistörf s.s. matargerð, skógerð, vefnað og gerð fatnaðar. Auk þess tóku þær þátt í heyskap og vinnu við matjurtir. Karlar sáu meira um útistörf og veiðar en unnu líka ýmiss konar handverk inni við, margir ófu klæði og hnýttu reipi, auk alls kyns smíðavinnu. Þeir báru vopn en það gerðu konur ekki. Konur stjórnðu öllum störfum sem vinna þurfti þegar karlar voru að heiman eins og t.d. þegar þeir sóttu sjó, fóru á Alþingi eða tóku þátt í bardögum.

Leikni

Nemendur geti fundið leið Þorgerðar við landnám á stærra korti en sýnt er á vefsíðu sem merkt er „Um landnám Þorgerðar í Örfasveit“. Nemendur geti aflað upplýsinga um nokkra leiki barna á landnámsöld og leikið þá (sjá Leikjahugmyndir).

Landnámsmenn á Suðurlandi

Í Landnámu segir að á milli Hornafjarðar og Reykjaness hafi seinast verið albyggt.

Þrasi í Skógum nam land á milli Kaldaklofsár og Jökulsár. Hann var rammaukinn mjög og átti í deilum við Loðmund hinn gamla sem var einn af landnámsmönnum á Austurlandi. Ásgerður Asksdóttir nam land milli Seljalandsmúla og Markarfljóts og Langanes. Hún bjó norðan í Katanesi. Rétt áður en Ásgerður og maður hennar Ófeigur ætluðu að sigla til Íslands lét Haraldur konungur taka hann af lífi. Hún sigldi samt og var Þórólfur bróðir hennar með henni og börn hennar fjögur þau Þorgeir gollnir, Þorsteinn flöskuskegg, Þorbjörn kyrri og Ólöf elliðaskjöldur. Þorbjörn laxakarll nam land í Þjórsárdal og allan Gnúpverjahrepp. Hann bjó lengst í Haga. Hann gaf tveimur landnámsmönnum Gnúpverjahrepp þeim Ófeigi gretti og Þormóði skapta. Landnámsmaður í Grímsnesi og Laugardal ásamt Biskupstungum hét Ketilbjörn. Hann bjó að Mosfelli. Herjólfur Bárðarson byggði fyrstur Vestmannaeyjar og bjó í Herjólfssdal.

Á þessum vef

Að horfast í augu sem grámyglur tvær (Leikjahugmyndir).

Glíma (Fróðleikshorn).

Hvernig námu karlar land? (Fróðleikshorn).

Ísleggir (Fróðleikshorn).

Knöttur (Á vettvangi).

Leikir barna á landnámsöld (Fróðleikshorn).

Vala – leikfang barna í gamla daga (Fróðleikshorn).

Annað efni

Eiríksstaðir í Haukadal, 1000 ára minning landafundanna:

<http://www.landmotun.is/verkefni/greinar/eiriksstadir.pdf>

Myndir af Eiríksstöðum: <http://www.fva.is/~vinland/kort/eiriksstadir.html>

12. OPNA, BLS. 24–25

Gott að hafa við höndina

Myndir eða myndbönd þar sem sjá má fjölbreytt umhverfi bæði í byggð og óbyggð, náttúrulegt og mótað af fólki.

Lykilorð

Veðurfar, jarðvegur, gróðureyðing, uppblástur, landgræðsla, náttúruvernd. (Þessi orð koma ekki öll fyrir í texta bókarinnar en þó eðlilegt að kynna þau fyrir nemendum.)

Kveikja

Í síðasta kafla *Náttúruverkefnanna*; Tíðarandi og afleiðingar, eru fjölmörg verkefni sem vekja nemendur til umhugsunar um ábyrgð manna á umhverfi sínu og hvernig umsvif manna hafa áhrif á náttúruna t.d. Búsvæðið hleypur á bls. 165, Farartálmar á bls. 169, Stigin talin á bls. 179, Skipulag fyrir fólk og náttúrudýr á bls. 183 og mörg fleiri.

ÞEKINGAR OG SKILNINGSATRIÐI

Náttúra landsins hafði þróast í mörg þúsund ár þegar menn komu til landsins með bústofn sinn. Gróðurfar var mótað af því að landið hafði ekki verið bitið nema af fuglum, s.s. gæsnum.

Við landnám breyta menn umhverfi sínu markvisst með því að höggva skóg og brenna og rækta upp tún. Beit húsdýra breytir líka gróðurfari. Plöntur eru misvinsælar hjá grasbítum og sumar þeirra eru greinilega svo gómsætar að þær hverfa nær alveg þar sem einhver beit er en aðrar koma í staðinn. Einnig þola plöntur misvel að vera bitnar. Þær sem illa þola beit hverfa en þær þolnari ná að fjölga sér. Grastegundir þola t.d. miklu betur beit en margar blómplöntur. Við landnám jókst því mjög graslendi á kostnað skóg- og blómlendis. Plöntur hlífa líka jarðvegi misvel. Lyng- og trjátegundir hafa t.d. margar mikið og djúpt rôtarkerfi en rætur grasa ná grunnt. Við mikið álag getur gróðurinn gisnað eða eyðst, göt opnast í gróðurhuluna og rôtarkerfið veikist. Þá getur bæði vatn og vindur náð í jarðveginn og fært hann úr stað. Það kallast uppblástur þegar jarðvegur flyst í miklum mæli frá einum stað til annars. Jarðvegur sem blæs frá einum stað sest annars staðar og getur þar kaffært gróður og veikt hann eða eyðilaggt.

Öldum saman gengu menn á jarðargæði landsins bæði af þekkingarskortri og, ekki síður, vegna neyðar. Í lok 19. aldar fór að verða breyting á. Ríkisstofnanir sem vinna að skógrækt og landgræðslu hófu störf snemma á 20. öld og um miðja öldina var markvisst farið að vernda og friðlýsa einstök náttúrusvæði. Á sama tíma urðu líka umskipti í atvinnuháttum landsmanna, ekki síst þegar þeir eignuðust stór og sífellt fullkomnari fiskiskip. Öll nýting landsins krefst þess að landsmenn þekki náttúru lands síns svo að hún sé ekki krafín um meira en hún getur gefið þegar til langs tíma er litið. Þetta á ekki bara við um Ísland heldur heiminn allan. Árið 1992 samþykktu Sameinuðu þjóðirnar að öllum þjóðum bæri að stefna að svokallaðri sjálfbærri þróun. Í sjálfbærri þróun felst að menn noti náttúruna minnugir þess að núlifandi kynslóðir eiga ekki jörðina heldur eru með hana í láni frá afkomendum. Komandi kynslóðir verða að hafa sömu möguleika og við til að lifa og njóta lífsins.

Viðhorf

Náttúruvernd hefst heima. Ef nemendur og við öll viljum vernda náttúruna þá verðum við að leggja eitt-hvað á okkur sjálf. Við getum lagt heilmikið af mörkum með því t.d. að kaupa ekki dót sem við þurfum ekki, henda ekki frá okkur rusli á víðavangi, taka þátt í að flokka úrgang, spara orku og vatn, ganga, hjóla eða nota almenningssamgöngur frekar en einkabíla og þannig mætti lengi telja. Einnig þurfum við að gefa okkur tíma til að fara um náttúruna og skoða hana, læra að njóta hennar og virða hana.

Leikni

Landnámsmenn og kynslóðir Íslendinga fyrri alda gengu á gæði landsins af því að þeir gátu ekki annað. Nú vitum við og getum betur. Nemendur ræði um mikilvægi náttúru- og umhverfisverndar og komi sér saman um eitthvað sem þeir gætu gert á þeim vettvangi. (Sjá t.d. umfjöllun um Mánudagshópinn í *Náttúruverkefnum*.)

ANNAÐ EFNI

Á þessum vef

Hvernig nýtum við jarðhitann í dag? (Á vettvangi).

Jarðvegur (Fróðleikshorn).

Sitt sýnist hverjum (Á vettvangi).

Þekktir staðir á Íslandi (Á vettvangi)

Bækur

Sinubruni og skurðgröftur, í *Náttúruverkefnum* bls. 131.

ÍTAREFNI OG HEIMILDIR

VEFSÍÐUR

Ásatrúarfélagið: <http://www.asatru.is/>

Bárðargata: http://www.nat.is/travelguide/ahugav_st_bardargata.htm

Eiríksstaðir í Haukadal, 1000 ára minning landafundanna:

<http://www.landmotun.is/verkefni/greinar/eiriksstadir.pdf>

Elsta byggð í Reykjavík: <http://www.instarch.is/adalstraeti.htm#merki2>

Ferðir Ingólfs við landnám: http://www.basinn.is/Sagan_kort_isl.htm

Fjaran og hafið: <http://www.namsgagnastofnun.is:8080/hafid/>

Flóra Íslands: www.floraislands.is

Fornleifarannsóknir við Aðalstræti (síða frá Árbæjarsafni):

<http://www.arbaejarsafn.is/main/view.jsp?branch=2149059>

Forsaga vatnsveitunnar – Vatnsberar:

<http://www.or.is/orkuvefur/flash/viska/sagan/saga/vatnsberar/vatnsberar.html>

Frá Graut-Atla er sagt í Droplaugarsona sögu: <http://www.snerpa.is/net/isl/droplaug.htm>

Fuglaverndarfélag Íslands: www.fuglavernd.is

Gnúpa-Bárður: http://www.nat.is/travelguide/vonarskard_ferdavisir.htm

Grasafjallsferðin: <http://www.snerpa.is/net/thjod/grasafj.htm>

Hlunnindi – Hvernig nýtum við náttúruna? www.bondi.is

http://www.natturuvernd.is/3_Fridlysingar/Tjodgardar/Skaftafell/skaftafell1.htm

<http://www.namsgagnastofnun.is/leifur/index>

Ingólfsfjall: <http://www.icefire.is/islenska/svaedid/fjoll/ingfjall.htm>

Íslandsvefurinn: <http://www.islandsvefurinn.is/ndefault.asp>. Teikningar og fróðleikur af fjölmörgum lífverum.

Íslendingasögur: <http://www.snerpa.is/net/isl/isl.htm>

Krosshólar: http://www.nat.is/travelguide/ahugav_st_krossholar.htm

Landgræðsla ríkisins www.land.is

Landnámabók (Sturlubók): <http://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>

Landnámsaðferðin. Nýtt land – Ný þjóð: <http://www.lifsleikni.is/>

Lífsferlar í náttúrunni: <http://www.namsgagnastofnun.is/lifsfer/index.html>

Myndabanki Jóns Baldurs Hlíðberg: www.fauna.is

Myndir af Eiríksstöðum: <http://www.fva.is/~vinland/kort/eiriksstadir.html>
Náttúrufræðistofnun: www.ni.is vitnað er í undirsíðu á henni í umfjöllun um 1. opnu um Surtsey og í umfjöllun um 3. opnu (fuglar)
Náttúruverndarvefurinn: www.ismennt.is/vefir/nvvefur. Vefurinn er frá 1996 og er úreltur hvað varðar skipulag náttúruverndarmála á Íslandi en skilgreiningar og útskýringar á náttúruvernd eru enn í fullu gildi.
Orkuveita Reykjavíkur – jarðhiti: http://www.rafhonnun.is/verkefni/Orkuvinnsla/Jardhiti/OR/OR_3.htm
Ormurinn í Lagarfljóti: <http://www.snerpa.is/net/thjod/lagarfl.htm>
Rannsóknastofnun landbúnaðarins: www.rala.is
Saga Reykjavíkur: http://www.anok.is/arb/saga_reykjavikur/rvk/874-1200/
Skógrækt ríkisins: www.skogur.is
Snorrastofa í Reykholti: <http://www.snorrastofa.is/>
Sturlubók Landnámu: http://www.am.hi.is/h_rit/SturlubokLdn.htm
Um fyrstu prentuðu útgáfu fornrita: http://www.am.hi.is/sofn/f_bok_utgafur.htm
Um landám Þorgerðar í Örafasveit:
Um landgræðslu: www.kvasir.is
Umhverfisstofnun: www.umhverfisstofnun.is
Uppgröfturinn í Aðalstræti: <http://www.instarch.is/adalstraeti.htm>
Veðurstofa Íslands: <http://www.vedur.is/>
Vísindavefur HÍ: <http://visindavefur.hi.is> vitnað í hann með 4. opnu.
Þjóðminjasafn Íslands: <http://www.natmus.is/>
Þjóðsaga um Gnúpa-Bárð: <http://bhol.ismennt.is/thjodssogur/tjodsogur.htm>

BÆKUR GEFNAR ÚT AF NÁMSGAGNASTOFNUN SEM HENTA MEÐ ÞESSU NÁMSEFNI

Guðmundur Halldórsson, Oddur Sigurðsson og Erling Ólafsson. 2002. *Dulin veröld smádýr á Íslandi*. Mál og mynd, Reykjavík.
Hallgerður Gísladóttir og Helgi Skúli Kjartansson. 2003. *Lífið fyrr og nú. Stutt Íslandssaga*. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
Iðunn Steinsdóttir. 1989. *Iðunn og eplin*. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
Iðunn Steinsdóttir. 2001. *Litlu landnemarnir*. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
Náttúruverkefni. 1994. Verkefnasafn þýtt og staðfært af Sigrúnu Helgadóttur. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
Sólrún Harðardóttir. 1995. *Náttúran allan ársins hring*. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
Torfi Hjartarson. 1988. *Egill*. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
Helgi Kjartansson. 2002. *Glíma – þjóðaríþrótt Íslendinga*. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

AÐRAR BÆKUR

Bárðargata (Árbók Ferðafélags Íslands). 1963. Reykjavík, Ferðafélag Íslands.
Bringsværd, Tor Age. Etten, Ingunn Van. 1989. *Þrumuguðinn Þór*. Reykjavík, Bjallan.
Guðmundur P. Ólafsson. 2000. *Hálendið í náttúru Íslands*. Mál og menning, Reykjavík.
Jón R. Hjálmarsson. 2000. *Þjóðsögur við þjóðveginn*. Reykjavík, Almenna bókafélagið.
Nielsen, Erik Hjort. 1994. *Huginn og Muninn segja frá ásum*. Reykjavík, Mál og menning.
Njála. Reykjavík, 2002. Bjartur, Brynhildur Þórarinsdóttir endursagði.
Ólafur Ragnarsson, Sverrir Jakobsson, Margrét Guðmundsdóttir. 2000. *Íslenskt þjóðsagnasafn IV*. Reykjavík, Vaka-Helgafell.
Sigfús Sigfússon. 1986. *Íslenskar þjóðsögur og sagnir VI*. Reykjavík, Bókaútgáfan Þjóðsaga.
Stefán Aðalsteinsson. 1999. *Landnámsmennirnir okkar*. Reykjavík, Mál og menning.

MYNDBÖND

Landnám Íslands. 1987. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Sigurður Örn Brynjólfsson. *Þrymskviða*. Reykjavík, SÖB 81.

Torfi Hjartarson og Bryndís Gunnarsdóttir. 1988. *Egill*. Reykjavík, Sjónvarpið.

ANNAÐ EFNI

Fjaran – Veggspjald. 1997. Jón Baldur Hlíðberg teiknaði. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Kristni í 1000 ár. 2000. Sýningarskrá Þjóðmenningarhúss. Reykjavík, Kristnihátíðarnefnd,

Þjóðmenningarhúsið, Þjóðskjalasafn Íslands.

Gullkistan undir Skógafossi – (Ævintýri og sögur)

Jón R. Hjálmarsson. 2000. *Þjóðsögur við þjóðveginn*. Reykjavík, Almenna bókafélagið.

Hvernig litu bæir landnámsmann út? – (Fróðleikshorni).

GLÍMA

Íslenska glíman hefur verið talin þjóðaíþrótt Íslendinga. Hún er leikin þannig að tveir menn takast á með ákveðnum tókum og reyna að fella hvor annan með sérstökum brögðum sem nefnast glímubrögð.

Sjá bók frá Námsgagnastofnun:

<http://www.namsgagnastofnun.is/gpw/ngs.nsf/pages/glima.html>

(Jóhanna Karlsdóttir)